

17
12. marz

í einu lagi. Að öðru leyti ber að leggja það af þessum vaxtahluta, sem ekki er notað, við höfuðstólinn árlega.

4. Jafnframt eru það tilmæli gefandans, að eftir hans dag og konu hans, Jóhönnu Þorsteinsdóttur (f. 15. ágúst 1872), og einkadóttur þeirra Guðrúnar Gísladóttur (f. 19. ágúst 1901), þá láti forráðamenn sjóðsins og á hans kostnað, annast viðhald varða og umgerða á leiði fyrrnefndra hjóna, Sæmundar og Guðrúnar frá Elliðavatni, sem er austast í miðjum grafreitnum við Suðurgötu í Reykjavík.

5. gr.

Reikningsskil sjóðsins.

1. Stjórn sjóðsins bókfæri árlega reikning hans, og endurskoðendur, er stjórnin kýs, endurskoði hann. Síðan ber að birta hann í Lögbirtingablaðinu.
2. Eigi má greiða fé úr sjóðnum nema eftir ávísun frá meiri hluta stjórnar Hallgímiskirkju, með árituðu samþykki biskups eða jafngildis umboðsmanns. Sé og jafnan tilgreint bæði í ávísun og reikningsfærslu til hvers fénu eigi að verja.
3. Greiða skal beinan útlagðan kostnað við stjórn sjóðsins og umsjón (bækur, prentun, auglýsingar o. s. frv.), en enga eða litla þóknun til áskilinna framkvæmdarmanna, og eigi yfir 5% af vöxtum að þremur fjórðu hlutum árlega. Stjórnin heldur gerðabók, er í séu ritaðar fundargerðir hennar og annað það, er sjóðinn varðar.

6. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og síðan prenta hana bæði í Stjórnartíðindunum 1937 og sérstaklega til úthlutunar meðal allra forráðamanna sjóðsins.

Reykjavík, 20. janúar 1937.

Gísli Björnsson.

18
30. marz

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps frá 2. ágúst 1934.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir rafmagn til ljósa og útvarpstækja eingöngu skal vera kr. 0.80 fyrir kílówattsstund allt árið.

2. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við mánaðamótin ágúst–september skal þó gjaldkeri athuga um hvað rafmagnsnotandi hefir eytt miklu rafmagni samanlagt yfir allt tímabilið. Nemi það ekki meiru en sem svarar lágmarksgjaldinu, skal ekki tekið meira, enda þótt eyðsla á suma mánuðina hafi farið fram yfir lágmark.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir rafmagn um mæli og leiga mæla greiðist mánaðarlega eftir á um leið og lesið er á mæla. Gjald fyrir rafmagn, sem selt er eftir sérstökum samningi,

greiðist á þeim gjalddaga, sem til tekinn er í samningnum. Öll rafmagnsgjöld má taka lögtaki. 18

30. marz

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

19

7. apríl

um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Samkvæmt lögum nr. 104, 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sjón og heyrn skipstjóra, stýrimanna og formanna.

1. gr.

Skipstjórar og stýrimenn á skipum, sem eru yfir 15 lestir, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi minnst sjónskerpuna $\frac{1}{4}$ á öðru auga, og hinu auganu minnst $\frac{1}{4}$ án glerja, eðlilega sjónvidd og að þeir geti að minnsta kosti greint grænt ljós frá rauðu ljósi í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sé eitt kertaljós í mælinum, svo og að þeir hafi heilbrigð eyru og heyri hvislrödd í minnst 6—7 metra fjarlægð. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpu hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum, og ennfreður með hvaða aðferð litskyggni, sjónvidd og heyrn hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

2. gr.

Formenn á vélbát eða þilskipi 6—15 lesta að stærð, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi minnst sjónskerpuna $\frac{1}{8}$ á betra auga, en $\frac{1}{24}$ á hinu, án glerja, eðlilega sjónvidd, og að þeir geti að minnsta kosti greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sé eitt kertaljós í mælinum, svo og að þeir hafi heilbrigð eyru og heyri hvislrödd í minnst 6—7 metra fjarlægð. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpu hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum og ennfreður með hvaða aðferð litskyggni, sjónvidd og heyrn hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

3. gr.

Nú missir starfandi skipstjóri, stýrimaður eða formaður fyrir slys eða annað, sjón eða heyrn þannig, að hann skortir á að uppfylla þær kröfur um sjónskerpuna eða heyrn, sem gerðar eru í þessari reglugerð, og er þá ráðherra heimilt að veita honum undanþágu til skipstjórnarréttinda áfram, enda liggi fyrir skilríki sérfræðinga, bæði augnalæknis (eyrnalæknis og kunnáttumanna um skipstjórastörf og eftir atvikum vottorð valinkunnra manna, sem nákunnugir eru sjón (heyrn) mannsins og starfssviði hans, er ráðherra metur gild, um að hann hafi eftir atvikum nægilega sjón (heyrn) til að gegna með fullkomnu öryggi þeirri skipstjórnarstöðu, sem um er að ræða, enda skal jafnan binda slíkar undanþágur við ákveðin skipstjórnarstörf.